

Fundargerð 1000. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, þriðjudaginn 9. júní kl. 16:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Walter Fannar Kristjánsson og Skúli Þór Helgason.

Hjördís Ýr Johnson boðaði forföll. Hjálmar Sveinsson boðaði forföll og sat varafulltrúi hans Skúli Þór Helgason fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Formaður óskaði eftir afbrigði af dagskrá. Tillaga að bæta við máli um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins og að það yrði 9. mál á dagskrá. Var það samþykkt samhljóða.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 999. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 999. fundar stjórnar Sambandsins frá 28. maí 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - fundargerðir 2020-2030 - 2509327SA

Lögð fram fundargerð 46. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. apríl 2026.

3. Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2509148SA

Lögð fram fundargerð 10. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 2. júní 2026.

4. Drög að starfsreglum stjórnar Sambandsins - 2606001SA

Lögð fram drög að starfsreglum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem verða kynntar fyrir nýkjörinni stjórn eftir Landsþing Sambandsins í september nk. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir drögunum.

Stjórn felur yfirlögfræðingi að vinna áfram að drögunum m.v. umræður á fundinum og taka málið aftur upp á fundi stjórnar í ágúst.

5. Stefnumörkun Sambandsins 2026-2030 - 2601020SA

Kynning á vinnuskjali fyrir stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026-2030 sem unnin verður áfram með kjörnum landsþingsfulltrúum á næsta landsþingi. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir vinnuskjalinu.

Stjórn felur starfsfólki að vinna vinnuskjalið áfram og taka það aftur upp á ágústfundi stjórnar.

6. Verksamningur um undirbúning hátæknibrennslustöðvar á Íslandi - 2509260SA

Lögð fram drög að verksamningi um undirbúning hátæknibrennslustöðvar á Íslandi.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að verksamningi með þeim orðalagsbreytingum sem rætt var um á fundinum.

Sigríður Vilhjálmsdóttir kom inn á fundinn kl. 17:40.

7. Samstarfshópur vegna fráveitumála - 2509166SA

Lagt fram minnisblað Sigríðar Vilhjálmsdóttur, lögfræðings á stjórnslusviði Sambandsins, dags. 5. júní 2026, um fráveitumál og innleiðingu nýrrar ESB tilskipunar, ásamt kostnaðarmati. Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur á stjórnslusviði, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir tilskipuninni.

Stjórn leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að kostnaðar- og ábatamöt verði kynnt sveitarfélögum sérstaklega í því skyni að afla sem nákvæmastra upplýsinga um kostnað og ábata af verkefninum.

8. Tillögur til úrbóta í úrgangsstjórnun sveitarfélaga - 2509169SA

Lagt fram minnisblað Huguúnar Geirsdóttur, sérfræðings á stjórnslusviði Sambandsins, dags. 4. júní 2026, um tillögur til úrbóta í úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur á stjórnslusviði, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir tillögnum.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og felur starfsfólki að koma tillögnum á framfæri við ráðuneytið og hefja umræðu um leiðir til úrbóta í úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

Sigríður Vilhjálmsdóttir vék af fundi kl. 18:00.

9. Drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölpættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, mál nr. S-74-2026 - óskað umsagnar - 2604021SA

Formaður gerði grein fyrir stöðu málsins og samþykkti stjórn samhljóða eftirfarandi bókun:

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga ítrekar fyrri athugasemdir sínar við fyrirhugaða reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölpættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.

Drögin fela í sér óásættanlegar hömlur á aðgengi þeirra barna sem hafa þyngstu og flóknustu þjónustuparfirnar að sérhæfðum úrræðum og ganga þar að auki í bága við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025. Samkomulagið kveður á um að ríkið taki að sér framkvæmd og beri ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem búsett eru utan heimilis. Með nýrri reglugerð hefur ríkið hins vegar endurskilgreint einhliða þá hópa sem falla undir samkomulagið.

Engin fagleg rök eru fyrir því að ríkið ætti ekki að sinna þessum börnum, eingöngu fjárhagslega, en ríkið greiddi með þessum börnum í fyrra á grundvelli samkomulagsins. Þá skýtur verulega skökku við að ríkið ákveði einhliða að endurskilgreina þessa hópa 15 mánuðum eftir að hafa skrifað undir samkomulag við sveitarfélögin. Þar að auki bendir stjórn Sambandsins á að sveitarfélögin hafa gert fjárhagsáætlanir sínar í þeirri trú að ríkið stæði við gerða samninga og því er ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði við málaflokkinn í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

Stjórn Sambandsins gerir kröfu um að fallið verði frá fyrirhugaðri birtingu reglugerðarinnar og að reglugerðin verði endurskoðuð með það fyrir augum að hún uppfylli ákvæði samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025.

10. **Umsögn um skipan nefndar til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum - 2605484SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 26. maí 2026, um skipan nefndar til að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum, mál nr. S-85/2026.
11. **Endurtilnefning í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses. - 2605014SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Brynju leigufélags ses., dags. 11. maí 2026, þar sem Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu málefna fatlaðra hjá Reykjavíkurborg, er tilnefnd í fulltrúaráð Brynju.
12. **Tilnefning í vatnaráð - 2604014SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 28. maí 2026, þar sem Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri Múlaþings, og Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur á stjórnslusviði Sambandsins, eru tilnefndar sem aðalfulltrúar í vatnaráð, og Guðmundur Haukur Jakobsson, forseti sveitarstjórnar í Húnabyggð, og Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnslusviði Sambandsins, eru tilnefnd sem varafulltrúar.
13. **Tilnefning í verkefnastjórn um aðgerðaáætlun virkra ferðamáta og smáfarartækja - 2605001SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. júní 2026, þar sem Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur á stjórnslusviði Sambandsins, er tilnefndur sem aðalfulltrúi í verkefnastjórn um aðgerðaáætlun virkra ferðamáta og smáfarartækja, og Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnslusviði Sambandsins, til vara.

Fundi var slitið kl. 18:30